

# Þorablót.

Þorablót Kvenfélags Mývatnssveitar verður haldið  
í Skjólbrekku laugardaginn 25. janúar kl. 20:30.

Húsið opnað kl. 20:00.

Aldurstakmark 16 ár.

Miðaverð er kr. 3.500.



Danshljómsveit Friðjóns leikur fyrir dansi.

Kaffi, sykur og mjólk á staðnum.

Miðar verða seldir föstudaginn 24. janúar

í Strax Reykjahlíð frá kl. 14:00 - 17:00.

Einnig í Skjólbrekku laugardaginn 25. janúar kl. 15:00 – 16:00  
og þá er hægt að koma með trogin.

## ENGIR POSAR.

### Þátttaka tilkynnist til:

Arnfríðar í sínum 464 4201 og 892 2817  
eða Þórunnar Snæbjarnar í síma 847 0138  
miðvikudaginn 22. janúar og  
fimmtudaginn 23. janúar kl. 15:00 – 19:00.

Munið að stilla gestafjölda í hóf  
og ekki verður selt inn á dansleikinn,  
hann er einungis fyrir matargesti.

Nefndin.

# Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: [myflugan@emax.is](mailto:myflugan@emax.is)

2. tbl. 6. árg. miðvikudaginn 15. jan. 2014

## Afmælisbörn dagana 16. jan. — 22. jan. 2014

17. Eyþór Pétursson.
18. Kristín Sigurgeirsdóttir.
20. Ari Rúnar Gunnarsson, Gerður Benediktsdóttir,  
Steinn Ágúst Steinsson
21. Ottó Páll Arnarson.
22. Steingrímur Viðar Karlsson.

## Geðorð vikunnar.

### HALTU ÁFRAM AÐ LÆRA SVO LENGI SEM ÞÚ LIFIR

*Það eykur víðsýni og umburðarlyndi  
að geta tamið sér nýjungar.  
Löngun til að læra meira í dag en í gær  
stuðlar að persónulegum þroska.  
Með opnum huga verður auðveldara  
að sjá lausnir á vandamálum .*

Samráðshópur um áfallahjálp í Þingeyjarsýslu.

## Bætt heilsa – betra líf.

Skráning á þetta námskeið er núna í fullum gangi.  
Námskeiðið stendur í 6 vikur og verða tímar á mánudögum  
og miðvikudögum kl. 16:30 – 17:30 og á laugardögum kl. 10:00.

Verð á námskeiðið er 20.000 krónur.

Innifalið í því er frjáls aðgangur að þreksal og sundlaug ÍMS á meðan  
á námskeiði stendur og aðgangur að fyrirlestrum.

Námskeiðið hefst laugardaginn 25. janúar með fyrirlestri frá  
Stefáni Ólafssyni sjúkrahjálfara.

Skráning er í Íþróttamiðstöð og hjá [ims@myv.is](mailto:ims@myv.is)

Allar nánari upplýsingar um námskeiðið eru á bloggsíðu ÍMS  
([www.imsskut.blogspot.com](http://www.imsskut.blogspot.com))

Kveðja, Bjarni, Harpa, Soffía og Ásta.

## Finnst þér gaman að skrifa?

Námskeið í Skapandi skrifum verður haldið í Mývatnssveit  
27. og 28. janúar kl. 18:00—22:00 (8 klst).

Notaðar eru skemmtilegar aðferðir til að losa  
um sköpunargáfuna og finna flæðið í skrifunum.

Leiðbeinandi er Björg Árnadóttir rithöfundur,  
fullorðinsfræðari og söguspunaleiðbeinandi.  
Verð: 10.000 kr.

Skráning og nánari upplýsingar: [bjorg@akademia.is](mailto:bjorg@akademia.is)



Gleðilegt nýtt ár,  
þökkum fyrir samstarfið og viðskiptin á síðasta ári.  
Með von um að árið 2014  
verði ykkur gjöfult og ánægjulegt.

## Dagskrá vetrarins hjá Sel-Hótel Mývatni.

24. janúar.	Bóndagurinn (Bóndadagstilboð).
21. - 23. febrúar.	Konudagshelgin; Konudagstilboð.
23. febrúar.	Mér er skemmt; sagnaskemmtun og árbitur.
7. - 9. mars.	Mývatn Open, Hestar á ís.
14. - 16. mars.	Mótorkrossmót á Mývatni.
22. mars.	Snjósleðaferð í nágrenni Mývatns allir velkomnir.
6. - 11. apríl.	Gönguskíðaferð í nágrenni Mývatns (hægt að velja 1 dag eða fleiri)
6. - 11. apríl.	Vordægur í Mývatnssveit; eldri borgara dagar fyrir 60+.
25. - 27. apríl.	Tapaz helgi.

Nánari upplýsingar á [www.myvatn.is](http://www.myvatn.is)  
og fylgist einnig með facebókinni okkar.

Nokkrar helgar enn lausar fyrir fyrirtæki, vindahópa, saumaklúbbinn,  
félagahópa og svo ekki síst fyrir einstaklinga.  
Hringið í s. 464 4164 og fáið tilboð eða sendið tölvupóst  
á [myvatn@myvatn.is](mailto:myvatn@myvatn.is)

Athugið að við erum með opið alla daga ársins  
(nema viku í kringum jólin).

Kaffi Sel er einnig opið fyrir léttar veitingar frá kl. 9:00 - 17:00 alla daga.  
Tökum alltaf vel á móti ykkur,  
kíkið við þó þið þurfið ekki nema rétt að skjótast á náðhúsið.  
Þið eruð alltaf velkomnir.

Sel-Hótel Mývatn, Skútustöðum, Mývatnssveit s. 464 4164  
netfang: [myvatn@myvatn.is](mailto:myvatn@myvatn.is)  
[www.myvatn.is](http://www.myvatn.is)



**EM 2014.**

**Opið**

fimmtudag 16. jan. og föstudag 17. jan. Kl. 17:00 - 20:00,  
laugardag 18. jan. og sunnudag 19. jan. **14:00 – 20:00.**

**EM tilboð** 16“+ 2 álegg + 2L gos = **2.590.-**  
gildir alla daga sem Ísland á leik.

**Taktu þátt í EM-leiknum á facebókarsíðu  
Daddi's og fáðu afslátt eða gjafabréf.**

**Sími: 773-6060**

Möguleiki á opnun utan afgreiðslutíma ef pantað er með fyrirvara.

**Dósasöfnun.**

Dósasöfnun verður hjá nemendum Reykjahlíðarskóla,  
seinnipartinn í dag, miðvikudag og á morgun, fimmtudaginn 16. jan.  
Öll innkoma rennur í ferðasjóð nemenda.

Fólk er vinsamlega beðið um að setja dósapokana utan við  
útidyrnar ef það vill gefa dósir/flöskur en þarf að fara að heiman.

Þökkum kærlega fyrir stuðninginn.  
Nemendafélag Reykjahlíðarskóla.



**Frá Íþróttamiðstöð.**



Gjaldskrá og opnunartímar 2014.

**Gjaldskrá Íþróttamiðstöðvar, gildir frá 1. jan 2014**

	Stök	Kort	Kort	Kort	Kort	Kort	Kort
	skipti	10 miða	30 miða	5 vikur	3 mán	einstakl	hjón
Fullorðnir/ sund	600	4.500	10.000			20.500**	27.000**
Börn/sund	250	2.000	3.500			10.000**	
Þreksal/ sund	1000	8.000		6.000*	12.000*	28.000**	40.000**
Íþróttasalur	500	4.000	10.000				
Leiga á sundf.	400						

\*Kortin gilda í 5 vikur og 3 mánuði. Ekki er hægt að leggja kortin inn til geymslu.

\*\* Sveitafélagið áskilur sér rétt til að loka íþróttamiðstöð í allt að 1/2 mánuð árlega til viðgerða, án þess að til endurgreiðslu eða afsláttar á árskortum komi.

Opnunartímar ÍMS haldast óbreyttir frá því fyrir áramót.  
Almenn opnun er: mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga, og fimmtudaga  
milli kl. 16:00 og 20:00 og föstudaga og laugardaga kl. 12:00 – 16:00.

Barnapössun verður á þriðjudögum og fimmtudögum  
milli kl. 17:00 og 19:00.